

## Reglur um afreks- og hvatningarstyrk Eyjafjarðarsveitar

### 1. gr. Markmið

Markmið styrksins er að styðja ungt afreksfólk með lögheimili í Eyjafjarðarsveit til þátttöku í viðurkenndum alþjóðlegum verkefnum á sviði íþróttá og lista og mæta hluta af ferðakostnaði vegna slíkrar þátttöku. Styrkurinn er hvatningar- og viðurkenningarstyrkur en ekki almennur tómstundastyrkur.

### 2. gr. Aldur og tengsl

Umsækjendur skulu vera á aldrinum 14 – 21 ára á því almanaksári sem verkefni fer fram.

Umsækjandi skal eiga lögheimili í Eyjafjarðarsveit við umsókn og þegar verkefni fer fram.

### 3. gr. Styrkhæf verkefni

#### A. Afreksíþróttir

Þátttaka í alþjóðlegri keppni erlendis á vegum sérsambanda innan Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) eða sambærilegra alþjóðlegra sambanda t.d. landsliðsverkefni, Norðurlandamót, Evrópumót, heimsmeistaramót eða önnur mót sem teljast til efstu keppnisflokka viðkomandi greinar.

#### B. Listir og skapandi greinar

1. Þátttaka í alþjóðlegum keppnum, sýningum, tónleikum eða viðurkenndum náms- og hæfileikamótum erlendis (t.d. tónlist, dans, myndlist, sviðslistir).
2. Skilyrði er að umsækjandi hafi verið valinn eða samþykktur til þátttöku af viðurkenndum aðila (skóla, samtökum eða dómnefnd).

### 4. gr. Fjárhæð og fjöldi styrkja

1. Heildarúthlutun úr sérstökum íþróttá- og tómstundastyrk Eyjafjarðarsveitar er ákveðin árlega samhliða við gerð fjárhagsáætlunar.
2. Hámarksstyrkur á verkefni er ákveðin af velferðar- og menningarnefnd.

## 5. gr. Umsókn og fylgigögn

1. Umsóknarfrestur er 1. nóvember ár hvert. En opið er fyrir umsóknir allt árið í gegnum í gegnum þjónustugátt sveitarfélagsins.
2. Með umsókn skal fylgja:
  - Staðfesting frá viðurkenndu sérsambandi, skóla eða skipuleggjanda.
  - Sundurliðuð kostnaðaráætlun.
  - Stutt greinargerð um ferðina.

## 6. gr. Mat á umsóknum

Velferðar- og menningarnefnd metur umsóknir með hliðsjón af:

- Heildarfjárhagsramma tómstundastyrkjanna.
- Hvort skilyrði skv. 3. grein hafi verið uppfyllt.
- Fyrri úthlutunum.
- Fyrri árangri og framþróun umsækjanda.
- Nefndin áskilur sér rétt til að hafna umsóknum eða lækka styrkupp hæð.
- Nefndin áskilur sér rétt til að leita til utanaðkomandi ráðgjafa við mat á umsóknum.

## 7. gr. Greiðsla og eftirfylgni

Styrkur er greiddur eftir viðkomandi viðburð, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Styrkþegar skulu við framkomu sína virða siðareglur viðkomandi samtaka, þar á meðal reglur um lyfjaeftirlit í samræmi við reglur ÍSÍ.

Sveitarfélagið getur óskað eftir að styrkþegi taki þátt í kynningu eða fræðslu fyrir börn og ungmenni í Eyjafjarðarsveit.

## 8. gr. Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar.

Skulu þær endurmetnar að lokinni fyrstu úthlutun.